



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1854*  
*komudagur 4.3.2013*

Reykjavík 4. mars 2013

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni:** Umsögn um lagafrumvarp um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi (aukin hlutdeild, EES-reglur), 605. mál á 141. löggjafarþingi

Frumvarp þetta er flutt til innleiðingar á EES-reglum sem tóku gildi í löndum ESB í desember 2009 og voru innleiddar í EES samninginn í desember 2011.

Í frumvarpinu er tekið varfærið skref, þannig að innleiðing reglanna frestast til 1. janúar 2015 og fyrsta almanaksárið er olúfyrirtækjunum aðeins ætlað að skipta út 3,5% orku í eldsneyti en 5% á ári eftir það. Flest bendir hins vegar til að söluaðilar geti mætt reglunum fyrr og að uppfylla megi 5% markið þegar í upphafi.

Erfitt að halda því fram að tæknilegar hindranir standi í vegi fyrir því að dreifingar- og söluaðilar geti blandað endurnýjanlegu eldsneyti við jarðefnaeldsneyti. Tækni er þegar til staðar til þess að blanda endurnýjanlegu eldsneyti við bensín og dísil hér á landi. Þá hafa a.m.k. tvö olúfélögin þegar hafið innflutning á lífildsneyti frá erlendum birgjum. Innleiðing snýst fyrst og fremst um viðskiptaákvörðanir og tæknilegur undirbúningur tekur skamman tíma eftir að ákvörðun hefur verið tekin.

Markaðshindranir eru ekki í vegi innleiðingar. Framleiðsla er þegar hafin innanlands á metangasi, lífdísil og metanóli og auka má framleiðsluna enn til muna. Innlendir framleiðendur endurnýjanlegs eldsneytis munu hinsvegar bíða með að auka framleiðslugetu uns umrætt frumvarp verður orðið að lögum. Löggjafinn hefur hér mikilvægu hlutverki að gegna, með því að flýta gildistöku reglanna er hægt að skjóta styrkari fótunum undir fjárfestingu á þessu sviði. Að sama skapi geta tafir skapað óvissu og sett strik í reikninginn.

Athygli ber að vekja á því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að orka úr eldsneyti úr úrgangsefnum af lífrænum og ólífrænum uppruna fái tvöfalt vægi. Þetta mun gera það að verkum að olúfélögin geta náð sama marki að orkugildi með minna magni af eldsneyti. Áhrif á skatttekjur munu einnig vera minni sem því nemur.

Með því að nýta innlenda orkugjafa nást ekki aðeins markmið frumvarpsins í umhverfismálum, heldur verða áhrif á viðskiptajöfnuð einnig jákvæð með minnkandi innflutningi eldsneytis og ný störf skapast við framleiðslu og þróun eldsneytis. Mikilvægt er að löggjafinn sýni vilja sinn í verki til þess að taka fyrstu áþreifanlegu skrefin í átt til orkuskipta í samgöngum.

Í ljósi framansagðs hvetur CRI til þess að gildistöku laga um þetta efni verði flýtt þannig að þau komi að fullu til framkvæmda 1. janúar 2014 sem og að hlutfall íblöndunar verði 5% strax í upphafi, í stað 3,5% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Við væntum jafnframt þess að sátt verði um að veita þessu frumvarpi brautargöngu fyrir þinglok, en breið samstaða hefur verið á þingi um helstu stefnumál á þessu sviði.

F.h. Carbon Recycling International ehf.

Benedikt Stefánsson